



Samþykkt fyrir öldungaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar

1. gr. *Umboð*

Öldungaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveði á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð nr. 961/2013, 2 mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 m.s.b. og 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra m.s.b.

2.gr. *Skipan*

Öldungaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar er skipað sjö fulltrúum.

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af Félagi eldri borgara í Skagafirði (FEBS). Gert er ráð fyrir að þeir séu ekki fulltrúar stjórnsmálaflokka eða hagsmunasamtaka, annarra en FEBS.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Einn fulltrúi og einn til vara skal tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki.

Ráðið kýs sér sjálft formann og varaformann. Skipunartími þess fylgir kjörtímabili sveitarstjórnar. Seta í öldungaráði er ólaunuð. Sveitarstjóri eða staðgengill hans á rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, starfsmaður fjölskyldusviðs er starfsmaður ráðsins og ritar hann jafnframt fundargerðir þess.

3. gr. *Hlutverk og markmið*

Hlutverk öldungaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar er að vera formlegur og milliliðalaus vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórn og félags- og tómstundanefnd um hagsmuni eldri borgara í sveitarfélaginu. Ráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli eldri borgara og stjórnvalda sveitarfélagsins um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða eldri borgara og er byggðaráði, sveitarstjórn og fastanefndum til ráðgjafar í þeim efnum. Markmiðið með starfi Öldungaráðs er að gefa eldri borgurum kost á að hafa aukin og virk áhrif á mótun stefnu og framkvæmd sveitarfélagsins á þeim sviðum sem lúta að aðstæðum og þjónustu við fólk á efri árum.

Öldungaráð skal hafa að leiðarljósi markmið 1.gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

4. gr.
Verkefni

Verkefni öldungaráðs hefur eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Veita umsögn vegna beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir dagdvöl eða stofnun fyrir aldraða sbr. 3.mg.r. 16. gr. laga nr. 125/1999.

5. gr.
Starfshættir

Öldungaráð kemur saman minnst fjórum sinnum á ári, en heldur fundi þar að auki eins oft og þurfa þykir. Fundur er ályktunarhæfur ef meira en helmingur fundarmanna er mættur.

Öldungaráðið er vistað á Fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnýslu þess.

Formaður öldungaráðs boðar til funda og stýrir þeim. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem forseti sveitarstjórnar, formenn byggðaráðs eða fastanefnda sveitarfélagsins óska eftir að ráðið fjalli um.

Gert er ráð fyrir að félags- og tómstundanefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar eigi fund með ráðinu að minnsta kosti árlega. Þá er þess ennfremur vænst að ráðið leggi fram skýrslu um og kynni starf sitt. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Öldungaráð skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Ráðið gerir tillögur eða sendir erindi til viðkomandi fastanefnda eða beint til byggðaráðs eða sveitarstjórnar um þau málefni sem það telur varða hagsmuni eða aðstæður eldri borgara. Jafnframt tekur öldungaráð til umfjöllunar þau mál sem fastanefndir, byggðaráð eða sveitarstjórn vísa til umsagnar ráðsins. Öldungaráð getur að sama skapi óskað eftir fundi með nefnd um málefni sem það telur þörf fyrir að kynna henni. Sveitarfélagið Skagafjörður lætur öldungaráði í té aðstöðu til fundarhalda. Ennfremurskal ráðið njóta aðstoðar starfsmanns Sveitarfélagsins, t.d. við boðun funda og til milligöngu við annað starfsfólk sveitarfélagsins um útvegum gagna vegna umfjöllunarefna ráðsins.

Öldungaráð skal að jafnaði funda fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem koma hjá einstaka fundarmönnum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 11. mars 2020

Málsnúmer í málakerfi 2001183